



Fundargerð fræðslunefndar 12. maí 2015

Fundur haldinn í fræðslunefnd þriðjudaginn 12. maí 2015 kl. 12:00 í Vopnafjarðarskóla. Mættir: Fanney Hauksdóttir, Þorsteinn Halldórsson, Hafþór Róbertsson, Jón Haraldsson og Fjóla Valsdóttir. Einnig komu á fundinn Anna Pála, Stefán Már og skólastjóri Aðalbjörn Björnsson

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál
Fundargerð síðasta fundar lesin upp, var hún samþykkt samhljóða.

2. mál
Skóladagatal fyrir skólaárið 2015 – 16 lagt fyrir. Skólastjóri fór yfir það og útskýrði og svaraði spurningum. Það kom fram að nemendagar eru 182 en eiga samkv. samningum kennara að vera 180, þarf að fækka þeim um 2. Aðalbjörn taldi líklegt að starfsdagar kæmu í þeirra stað. Skólasetning á næsta skólaári er fimmtudaginn 20. ágúst og skólaslit 2. júní. Ekki voru gerða aðrar athugasemdir við skóladagatalið.

3. mál
Mönnun kennara og annars starfsfólks skólaárið 2015-16. Það vantar íþróttakennara, auglýst hefur verið eftir honum. Unnur mun koma í fullt starf. Silvía Björk er komin úr fæðingarorlofi. Einnig vantar aðstoðarmatráð í 85% stöðu og skólaliða í 100% starf. Að öðru leyti er mönnun í góðu lagi.

4. mál
Kynning á nýju vinnumati kennara í grunnskólum. Aðalbjörn fór stuttlega yfir helstu atriði. Vinnutími kennara verður metinn af kennara og skólastjórnendum og raðað í skema fyrir hvern og einn. Allir verða bundnir til sama tíma á daginn. Ljóst er að þarna eru miklar breytingar á vinnutíma kennara að ræða.

5. mál
Umræður um opnunartíma bókasafnsins. Einnig hefur verið erfitt með afleysingu á bókasafninu. Aðalbjörn og Margrét ætla að vinna saman að því að leysa afleysingarmál og munu þau einnig setjast yfir opnunartíma safnsins. Það kom fram hugmynd um að gera könnun meðal íbúanna með opnunartíma safnsins og kanna vilja þeirra hvað það varðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:00

Hafþór Róbertsson